

1867.
25. júlí.

land í varphólma, er heyrir til staðnum og kallaður er Andey, tekið þar egg og framið ýmsa óknytti. Hverir það voru, vissi hann ekki, en af fleirum ástæðum var honum næst að halda, að það hefðu verið franskir fiskimenn.

Eg gjörði nú hvað í mínu valdi stóð að komast eptir, hverir framið hefðu þetta, og talaði um það við foringjann á franska herskipinu, sem þá lá á Fáskrúðsfirðinum, en tilraun mín hafði engan árangur. Eg bað þá prestinn að senda mér skriflega klögun um þetta, er eg þá skyldi leiðbeina til æðri hlutað-eigenda; en slík klögun hefir ekki enn þá, þó eg margopt hafi minnt prestinn á það, komið til mín. Hvort hann á annan hátt hafi gjört nokkuð í málinu, er mér ókunnugt, nema það, að æðsti maðurinn á danska herskipinu Fylla, sem hér kom í fyrra sumar, sagði mér, að prestur hefði borið málið upp fyrir sér, en að hann hefði ekkert getað gjört í því.

Jafnvel þó hér á hverju ári komi 150 útlandar, mest eingöngu franskar, fiskiskútur undir landið og inn á Fáskrúðsfjörð hér í sýslu, hefi eg samt ekki að öðru leyti, en að framan er skýrt frá, frétt til neinna óknytta af þeim, og enn síður fengið tilkynningu um, að þeir hafi hallað réttindum landsbúa, og af því álykta eg, að það hafi heldur ekki útt sér stað.

25. júlí. **36. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um títund til fátækra af Borgarey í Skagafirði.**

Í skjali, er hingað hafði borizt beina leið, spurði hreppstjórinn í Rípur hrepp í Skagafjarðarsýslu um, hvort að hann, þrátt fyrir að eigandi eyjarinnar Borgareyjar, sem liggur í Héraðsvötnunum, og er metin sér í lagi í jarðabókinni frá 1861 og talin þar undir Rípur hrepp, álfur að eign þessi liggja undir Akra hrepp í sömu sýslu, eigi ekki að fara eptir jarðabókinni, og þess vegna krefjast, að goldin sé títund til fátækra í Rípur hrepp af greindri eign.

1867.

25. júlí.

Nú er stjórnarráðið hefir fengið með bréfum yðar, herra amtmaður, dagsettum 24. janúarmán. f. á. og 5. febrúarmán. þ. á. bæði álitsskjal Briems sýslumanns um málið og einnig skýrslu um ástæður þær, er hlutaðeigandi hreppstjórar hver um sig grundvalla á kröfur sínar um, að tíundin af Borgarey eigi að ganga til fátækra í sínum hrepp, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að með því að úgreiningur sá, sem þannig er orðinn milli þessara tveggja hreppa um fátækratíundina af tæðri eign, hlýtur að eiga undir úrslit dómstólanna, ef til þess kemur, álitur dómsmálastjórnin ekki tilefni til að gjöra út um málið með úrskurði sínum.

37. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um borgun fyrir bólusetningar.

25. júlí.

Síra Björn Halldórsson, prófastur í Þingeyjarsýslu og sóknarprestur að Laufási, hefir spurt um í skjali, er hingað hefir borizt beina leið:

- 1) hvort amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu hafi rétt til að synja sèr um að borga sèr bólusetningarlaun þau, er sèr beri fyrir árið 1865, enda þótt hann sendi ammanninum ekki kvittun, fyr en amtmaður hefir sent honum launin, og
- 2) ef kveðið verði nei við þessari spurningu, hvort amtmaðurinn þá og megi neita að borga launin hverjum þeim manni, er beiðist þeirra hjá honum sín (síra Björns) vegna, eptir skriflegri fullmakt til að taka á móti þeim og kvitta fyrir þau, um leið og þau eru afhent.

Og hafið þèr, herra amtmaður, þar að auki látið uppi skýrslu yðar um málefni þetta í bréfi, dagsettu 28. janúarmán. þ. á.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þèr kunngjöríð það, að þar sem